

Ályktun

Lögð fyrir fund aðgengis- og samráðsnefndar Reykjavíkurborgar 20. febrúar 2020

Heimasíða Reykjavíkurborgar er mikilvægt tæki til að miðla upplýsingum til borgaranna, meðal annars um þá þjónustu sem er veitt. Reykjavíkurbúar eru fjölbreyttur hópur fólks með margvíslegan bakgrunn, áhuga og þarfir. Stór hluti borgarbúa er af erlendum uppruna, en hátt í 15% þjóðarinnar er innflytjendur.¹ Hægt er að leita sér upplýsinga á heimasíðu Reykjavíkurborgar ýmist á íslensku eða ensku. Þá er brýnt að upplýsingar um þjónustu borgarinnar séu hinu sömu óháð tungumáli. Sú er ekki raunin.

Mikill munur er á upplýsingum á íslensku og ensku um þjónustu við fatlað fólk.

Á íslensku er ágætlega ítarlegt yfirlit um stuðning borgarinnar við fatlað fólk á <https://reykjavik.is/fatlad-folk>. Þá er vísað í ítarlegar upplýsingar á undirsíðunum *Akstursþjónusta fatlaðs fólks*, *Húsnæði fyrir fatlað fólk*, *Félagsstarf*, *Notendastýrð persónuleg aðstoð*, *Félagsleg heimaþjónusta*, *Stuðningsþjónusta*, *Stuðningsfjölskyldur*, *Umsókn um styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa* auk fleiri tengla undir *Tengt efni* (þ.á.m. stefnumótunarskjal á ensku). Hlekkjað er í öll helstu umsóknareyðublöð um þjónustu borgarinnar.

Á sambærilegri síðu á ensku, <https://reykjavik.is/en/disabled-people>, er aðeins lauslega farið yfir þjónustu borgarinnar og fólki ráðlagt að hafa samband við þjónustumiðstöð í sínu hverfi til að fá frekari upplýsingar. Ekki er vísað í nein umsóknareyðublöð um þjónustu borgarinnar.

Þetta setur fólk í misjafna stöðu eftir þjóðerni. Það gerir erlenda ríkisborgara háða ráðleggingum þjónustuvers og setur þeim óþarfa hindranir.

Reykjavíkurborg er hvött til að skoða heildstætt og samræma þjónustuupplýsingar, ekki bara um þjónustu við fatlað fólk heldur á öllum vef borgarinnar.

Aðrar ábendingar

Hlustahnapp vantar á vef Reykjavíkurborgar. Hægt er að fá upplýsingar um uppsetningu hans hjá Baldri Snæ eða Hlyn Þór hjá Blindrafélaginu. Þjónustuupplýsingar á vef Reykjavíkurborgar verði einnig táknmálstúlkaðar. Hægt er að fá upplýsingar hjá SHH.

Fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) í aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar

Bergþór H. Þórðarson, Ingólfur Már Magnússon og Lilja Sveinsdóttir

¹ <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efrir-bakgrunni-2018/>